



Elsa Lyng Magnúsdóttir, Steinunn Gestsdóttir
og Kristján Ketill Stefánsson

Tengsl skólatengdrar hvatningar við trú ungmenna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi

► Um höfunda ► Efnisorð

Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að trú nemenda á eigin getu stuðlar að sjálfstjórnun þeirra sem er mikilvæg fyrir velgengi þeirra í námi. Hún gerir nemendum kleift að skipuleggja vinnu sína, afla sér þekkingar og framkvæma það sem þarf til að ná settum námsmarkmiðum. Hvatning frá skólaumhverfinu er talin efla trú á eigin getu og sjálfstjórnun. Í þessari grein er fjallað um niðurstöður nýlegrar rannsóknar þar sem upplifun íslenskra nemenda á hvatningu í skólanum var könnuð. Lagt var mat á tengsl hennar við trú þeirra á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi. Þá voru niðurstöðurnar meðal annars skoðaðar með tilliti til kyns. Þær byggja á gögnum sem aflað var með spurningalistum sem lagðir voru fyrir 539 nemendur í 9. bekk haustið 2012 (46% stúlkur, meðalaldur 14,3 ár). Um 62% ungmenna töldu að skólinn í heild hvetti þau í náminu og 67% ungmenna töldu að kennarar hvettu þau til að vera eins góð og þau gætu orðið. Kynin töldu sig fá álíka hvatningu frá skólanum þó stúlkur hefðu meiri trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi en drengir. Sterk tengsl voru á milli skólatengdrar hvatningar og trúar ungmenna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi og voru tengslin sterkari hjá stúlkum en drengjum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þýðingamiklar fyrir skólastarf þar sem þær varpa ljósi á mikilvægi þess að nemendur upplifi hvatningu í skólanum.

The relation between school-related motivation and self-efficacy for self-regulated learning among Icelandic students

► About the authors ► Key words

The main objective of this study is to examine school-related motivation and its relation to young people's self-efficacy for self-regulated learning. Studies have shown that self-efficacy is a prerequisite for people's ability to organize their own work and seek effective ways to achieve their goals, i.e., to use self-regulated learning. As such, self-efficacy and self-regulation have been found to strengthen the overall development and learning related skills of students, which, according to Iceland's national school curriculum, is one of the major goals of the school system. According to studies from beyond Iceland, school-related motivation (e.g., perceived support from the school and the teachers) helps shape students'

self-efficacy for self-regulated learning. As such, the major goal of this investigation is to assess the school related support that Icelandic 14-year-old students perceive (both from their school as a whole and from their teachers) and how it relates to their self-efficacy for self-regulated learning.

Previous studies have shown that different aspects of the school environment may influence the self-evaluations of boys and girls in different ways. For example, some studies have found that girls base their self-evaluations on feedback from others to a greater extent than boys do, whereas grades seem to have a greater impact on boys' self-evaluations. In addition, studies from many cultures have found girls to outperform boys on measures of self-regulation. Furthermore, studies have consistently revealed a significant gender-gap in achievement among Icelandic students, favoring girls. As such, possible gender differences in relation to the variables and relations under investigation will be explored.

The findings of this study are based on the first wave of data of an ongoing longitudinal study on the development of motivation and self-regulation among adolescents in Iceland. Participants came from 15 schools in the capital Reykjavík and the Reykjanes peninsula. A total of 90% (N=561) of the parents agreed to have their child participate and 96% (N=539) of the youth who had parental consent, participated in the study. Results indicate that the majority of the young people agreed that both the school and their teachers encourage them to do their best; about 62% of young people said that the school as a whole encourages them to do their best and that 67% of youth believed that teachers encourage them to do as well as they can. Nevertheless, almost one third of the students did not perceive clear support from their school or teachers, which is a cause for concern.

Furthermore, the results indicate a strong relation between how youth experience school-related motivation, both by the school and by their teachers, and their self-efficacy for self-regulated learning. The results of the study further suggest that although boys and girls described equal levels of support from their school and teachers, boys had lower levels of self-efficacy for self-regulated learning than girls. The higher level of self-efficacy for self-regulated learning among girls may help explain the clear and consistent gender differences that have been observed on national exams. Furthermore, in relation to gender differences, school support had stronger relations to the self-efficacy of girls than boys, which is consistent with studies from other cultures that show that girls base their self-evaluation more on teachers' feedback than boys.

In spite of complicated patterns between school motivation, self-efficacy, and gender, the findings underscore that all students, both girls and boys, experience motivation from their teachers, which enhances their learning skills. We encourage teachers and school officials to consider the importance of school-related support for students' self-efficacy and learning related skills, and how both can work to make sure that all students feel supported by their school and teachers.

Í nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* er rætt um að námshæfni nemenda sé undirstöðupáttur í öllu skólasterfi. Nemendur þurfa að tileinka sér vinnubrögð sem krefjast skipulags og gagnrýnnar hugsunar til að ná settum námsmarkmiðum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Markmið skólans er að styrkja alla nemendur svo þeir geti tileinkað sér námshæfni sem nýtist þeim allt lífið og verður hluti af alhliða þroska þeirra. Námshæfni byggir meðal annars á trú nemenda á eigin námsgetu og hæfileikum til að beita hæfni sinni á margvíslegan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Í þessari grein verður sjónum beint að mikilvægi hvatningar sem skólinn og kennarar geta veitt til að efla trú nemenda á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi (e. *self-efficacy for self-regulated learning*).

Trú á eigin getu (e. *self efficacy*) vísar til þeirrar hæfni og kunnáttu sem einstaklingur telur sig búa yfir á ákveðnu sviði. Hugtakið trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi er viðamikilið og byggir meðal annars á kenningum Bandura (1997). Rannsóknir sýna að fólk fær trú á eigin getu meðal annars þegar það fær staðfestingu á getu sinni frá öðru fólki (Bandura, 1997; Harter, 1990; Schunk og Miller, 2002). Því er mikilvægt að nemendur séu hvattir til að beita þeim styrkleikum sem þeir búa yfir og fá leiðbeiningar við að setja sér raunhæf markmið, þannig munu þeir auka trú á eigin getu sem eflir námshæfni þeirra samkvæmt skilgreiningunni hér að ofan (Schunk og Miller, 2002). Skólinn getur veitt slíka hvatningu, bæði í heild sinni (það er að nemendum finnist að skólaumhverfið, til dæmis kennarar, skólastjórnendur og aðrir nemendur, stuðli að því að þeir geri sitt besta) og frá kennurunum (það er að kennarar hafi trú á nemendum og hvetji þá til að standa sig eins vel og þeir geta). Í þessari grein er hugtakið skólatengd hvatning notuð til að lýsa þessari tvenns konar hvatningu frá skólaumhverfinu, það er bæði í heild sinni og frá kennurunum sérstaklega. Eins og fjallað er um hér að neðan benda erlendar rannsóknir til að slík hvatning stuðli að aukinni trú nemenda á eigin getu og *sjálfstjórnun í námi* (e. *self-regulated learning*), sem er forsenda námshæfni og námsárangurs.

Erlendar rannsóknir benda til að kynjamunur sé í tengslum við þau hugtök sem hér er fjallað um. Þannig virðist algengara að stúlkur meti námshæfni sína eftir félagslegu umhverfi en drengir. Þeir byggja mat fremur á ætlaðri eigin getu en stúlkur fremur á frammistöðu, til dæmis einkunnum (Usher og Pajares, 2006). Niðurstöður erlendra rannsókna benda til að stúlkur hafi meiri sjálfstjórn í námi en drengir (Zimmerman og Martinez-Pons, 1988).

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hve mikla hvatningu nemendur í 9. bekk á Íslandi teldu sig fá í skólanum sínum. Skólatengd hvatning var skoðuð bæði út frá því hversu mikla hvatningu nemendur fengu í skólanum í heild og einnig hvort kennarar hvettu þá til að gera eins vel og þeir gætu. Erlendar rannsóknir benda til að slík hvatning stuðli að trú nemenda á eigin getu en slíkar rannsóknir hafa ekki verið gerðar á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var því meðal annars að skoða tengsl skólatengdrar hvatningar við trú ungmenna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi. Niðurstöður voru því skoðaðar með tilliti til kynjamunar. Þær eru hugsaðar sem innlegg í fræðilega umræðu sem snýr að hlutverki skólans í að styðja alhliða þroska og námshæfni ungmenna eins og hún er skilgreind í *Aðalnámskrá*. Rannsóknin sem hér er fjallað um er þversniðsrannsókn og hluti af stærri rannsókn á þróun námsáhuga, sjálfstjórnunar og námsárangurs ungmenna á Íslandi.

Trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi

Bandura (1997) telur að til að efla *trú á eigin getu* þurfi hver og einn að setja sér raunhæf markmið og um leið að vinna bug á hindrunum sem verða á vegi hans að settum markmiðum. Þegar fólk hefur trú á eigin getu til að ná markmiðum, stuðlar það að aukinni hæfni til að stjórna hugsunum og hegðun, sem eru einkenni sjálfstjórnunar (e. *self-regulation*; Bandura, 1997; Baumeister og Vohs, 2004; Steinunn Gestsdóttir og Lerner, 2007a).

Sjálfstjórnun er tiltölulega nýlegt en vaxandi rannsóknarviðfangsefni innan uppeldis- og menntunarfræða (Baumeister og Vohs, 2004). Hugtakið vísar til þess hvernig einstaklingur stjórnar tilfinningum, hegðun sinni og hugsun í tilteknum aðstæðum. Sjálfstjórnun er talin mikilvæg til að ná settum markmiðum og koma í veg fyrir að einstaklingur stjórnist af ósjálfráðum viðbrögðum eða gefist upp á erfiðum verkefnum. Niðurstöður rannsókna á sjálfstjórnun ungmenna benda til að geta þeirra til að ná slíkri stjórn taki miklum breytingum á unglingsárunum. Ástæðurnar eru taldar vera þær miklu líkamlegu, félagslegu og vitsmunalegu þroskabreytingar sem eiga sér stað á unglingsárunum, en og ekki síst þeirra breytinga sem eiga sér stað í heilaproska (Harter, 1990; Harter, Waters og White-

sell, 1998; Steinunn Gestsdóttir og Lerner, 2007a, 2007b). Með góðri sjálfstjórnun gefst ungu fólki færi á að setja sín eigin markmið og leita árangursríkra leiða til ná þeim, það er að mótaeigin þroskaframvindu. Með þessum hætti gefur sjálfstjórnun ungmennum mikilvægt tæki til að hafa áhrif á eigin þroskaframvindu og velferð (Steinunn Gestsdóttir og Lerner, 2007a, 2007b; Zimmerman, 2002; Baumeister og Vohs, 2004; Steinunn Gestsdóttir og Lerner, 2007a).

Rannsóknir á sjálfstjórnun ungmenna eiga sér sennilega lengsta sögu í tengslum við hugtakið *sjálfstjórnun í námi* og tengsl þess við námshæfni og námsárangur (Zimmerman, 2002; 2008). Zimmerman (2002, 2008) er frumkvöðull á sviði kenninga og rannsókna á sjálfstjórnun í námi ungmenna, en á þeim aldri hefur fólk til að bera nægilegan þroska til að setja sér raunhæf námsmarkmið og finna leiðir til að ná þeim. Geta nemenda til að sjálfstjórnunar í námi gerir nemendum kleift að tileinka sér þá hæfni sem námsumhverfið krefst af honum, svo sem að taka góðar glósur, einbeita sér að námsefninu í kennslustund, gera námsáætlun, skipuleggja námið og festa í minni upplýsingar sem fást í kennslustund og úr námsbókum. Þessi námshæfni verður meðal annars til fyrir tilstuðlan þeirra viðhorfa sem nemendur hafa tileinkað sér, oft fyrir tilstilli félagslegrar hvatningar frá skóla og kennurum. Ef slík hvatning er ekki til staðar getur það dregið úr trú nemenda á námshæfni og námsáhuga þeirra (Zimmerman, 2002, 2008). Niðurstöður rannsókna sýna að hugarfar nemenda til að ná settum námsmarkmiðum skiptir máli. Hér ber sérstaklega að nefna það sem kallað er sveigjanlegt hugarfar. Sveigjanleikinn vísar til sjálfstæðra vinnubragða nemenda, trú þeirra á eigin styrkleika við ólíkar aðstæður og getu til að takast á við nýjar áskoranir óhræddur (Dweck, 2006; Zimmerman, 2002, 2008).

Þýðing skólaumhverfisins fyrir trú á eigin getu og námshæfni ungmenna

Rannsóknir frá ýmsum löndum hafa beint sjónum að tengslum skólaumhverfis við þroska, nám og velferð ungmenna. Í þessu tilliti hefur meðal annars verið horft til hvatningar frá kennurum og skólanum í heild sinni. Í viðamikilli bandarískri langtímarannsókn, *4-H Study of Positive Youth Development*, var markmiðið að varpa ljósi á hvernig styðja megi við jákvæða þroskaframvindu ungmenna, svo sem gott sjálfstraust, námsgengi og tengsl við annað fólk. Rannsóknin hefur meðal annars leitt í ljós að skólaumhverfið getur stuðlað að jákvæðum þroska ungmenna þar sem jákvæð tengsl og samskipti ungmenna við skólann tengjast ýmsum jákvæðum eiginleikum eins og þeim sem taldir eru upp að ofan (Lerner, Lerner og Benson, 2011; Lerner o.fl., 2005). Þessi jákvæðu áhrif sem skólinn getur haft á líf nemenda má meðal annars rekja til þess að kennarar sem nemendur treysta geta veitt þeim öryggi og eftt trú þeirra á sjálfum sér (Bandura, 1997; Benard, 2004; Ryan og Deci, 2000; Werner og Smith, 2001). Frekari rannsóknir hafa sýnt að nemendur, sem eru hvattir til að gera sitt besta og beita styrkleikum sínum, eru líklegri til að öðlast aukna námshæfni sem stuðlar að góðu skólagengi og velferð í lífinu (Danielsen, 2009; Dweck, 2006; Morris, 2012; Schunk og Miller, 2002).

Í viðamikilli norski rannsókn var lagt mat á tengsl milli félagslegs stuðnings frá skólaumhverfinu (e. *school-related social support*) og velferðar, námshæfni (e. *scholastic competence*) og almennrar trúar nemenda á eigin getu (e. *general self-efficacy*). Þátttakendur í rannsókninni voru 13 til 15 ára ungmenni (Danielsen, 2009). Stuðningur kennara (e. *teacher support*) hafði sterkari tengsl við skólaánægju nemenda (e. *school satisfaction*) en við námshæfni þeirra. Frekar veik en marktæk fylgni mældist á milli skólaánægju og námshæfni. Hins vegar hafði almenn trú á eigin getu sterk tengsl við námshæfni. Einnig kom fram að stuðningur frá kennurum hafði sterkari tengsl við líðan og námshæfni en hvatning frá jafnöldrum og foreldrum. Almennt séð sýndu niðurstöður Danielsen (2009) að

stuðningur frá kennurum og líðan nemenda í skólanum hafði forspárgildi fyrir námshæfni þeirra, til dæmis trú á eigin getu.

Schunk og Miller (2002) hafa skoðað trú á eigin námsgetu með unglingsárin í huga. Þeir telja að endurgjöf (e. *feedback*), sem nemendur fá við árangri eða mistökum, móti trú þeirra á eigin námsgetu. Með þessum hætti geta nemendur lagt mat á stöðu sína eftir ábendingum annarra. Viðbrögð við framförum auka trú á eigin námsgetu og geta kallað á framfarir og upplýsingar um það sem betur má fara. Ef skortur er á viðbrögðum frá öðrum, til dæmis kennurum, getur það hins vegar dregið úr trú nemanda á eigin námsgetu og þar með námsárangri (Dweck, 2006; Schunk og Miller, 2002). Niðurstöður rannsókna Carol Dweck (2006) eru samhljóma niðurstöðum Schunk og Miller og sýna að hvatning sem nemendur fá í skólanum hafa sterk tengsl við námshæfni og námsárangur. Því þarf skóla-umhverfið að hvetja nemendur til að leggja mat á sjálfa sig sem námsmenn með því að skoða styrkleika sína, samskipti og vinnubrögð. Slíkt mat byggir að hluta á því hvernig nemendur skynja hvatningu í skólanum, það stuðlar að trú á eigin getu og eflir sjálfstjórnun í námi, sem hvor tveggja stuðlar að betri námsárangri.

Allnokkrar innlendar rannsóknir hafa skoðað tengsl skólaumhverfis, námshæfni og líðanar nemenda, þótt sjónum hafi ekki verið beint að þeim hugtökum sem hér eru til skoðunar. Hér má nefna rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjargar Kaldalóns (2006) á hegðunarvanda íslenskra nemenda á öllum skólastigum. Út frá niðurstöðum þeirra má álykta að í skólum þar sem finna má sveigjanleika í kennsluháttum og áherslu á jákvæð samskipti við nemendur með hegðunarvanda sé líðan og námsárangur nemenda betri en í skólum sem einkennast síður af slíkum vinnubrögðum.

Niðurstöður rannsókna Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2007) hafa sýnt að eitt það mikilvægasta, sem hægt er að gera til að styrkja alhliða þroska ungmenna, er að hvetja þau og styðja í að taka réttar ákvarðanir í lífinu. Hlutverk kennarans er talið vega þungt í þeirri hvatningu. Niðurstöður Sigrúnar eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna sem bent hafa á að félagsleg hvatning sem snýr að styrkleikum einstaklingsins sé ein af forsendum þess að hann geti styrkt trú á eigin getu í tilteknum aðstæðum (Bandura, 1997; Harter, 1990; Schunk og Miller, 2002).

Munur á drengjum og stúlkum

Síðustu ár hefur umræðan um misjafna stöðu kynjanna í íslenskum grunnskólum verið töluverð. Niðurstöður PISA (Programme for International Student Assessment) benda meðal annars til lakari námsárangurs drengja en stúlkna í lesskilningi (Almar M. Halldórsson, 2011a). Niðurstöður úr *Skólalapsinum*, sjálfsmatskönnun sem hluti íslenskra grunnskóla tekur þátt í, hafa sýnt að námsforsendur drengja og stúlkna kunni að vera ólíkar, þar sem stúlkur hafa meiri trú á eigin námsgetu, meiri áhuga á náminu og meiri stjórn á eigin árangri en drengir (Almar M. Halldórsson, 2011b).

Niðurstöður rannsóknar Danielsen (2009) bentu til þess að um kynjamun var að ræða á námshæfni norskra 15 ára ungmenna. Stúlkur bjuggu yfir meiri námshæfni og sýndu betri námsárangur, en þó upplifðu drengir meiri skólaánægju en stúlkur. Niðurstöðurnar eru umhugsunarverðar þegar litið er til þess að upplifun íslenskra stúlkna af tengslum við kennara sinn hélst í hendur við líðan þeirra. Þrátt fyrir að íslenskar stúlkur virtust hafa meiri trú á eigin námshæfni, meiri áhuga á náminu og meiri stjórn á eigin árangri en drengir hefur einnig verið sýnt fram á að tengsl þeirra við kennara sinn höfðu meiri áhrif á þær en þá. Stúlkum sem leið illa og töldu tengsl við kennara neikvæð stóðu sig verr námslega en aðrir jafnaldrar þeirra (Almar M. Halldórsson, 2011b).

Niðurstöður rannsóknar Usher og Pajares (2006) sýndu kynbundinn mun á trú bandarískra ungmenna á eigin námsgetu og námshæfni (e. *sources of academic and self-regulatory efficacy beliefs*). Í rannsókninni tóku þátt 263 nemendur (140 stúlkur og 123 drengir) í gagnfræðaskóla í suðurhluta Bandaríkjanna. Niðurstöðurnar bentu til að félagslegt umhverfi hefði meiri áhrif á trú á eigin námsgetu stúlkna en drengja. Stúlkur virtust byggja mat sitt á námshæfni meira á viðbrögðum, sem kennararnir sýndu, á meðan drengir mátu námsgetu fremur eftir athöfn og frammistöðu, til dæmis einkunnum (Usher og Pajares, 2006).

Rannsóknir hafa ennfremur sýnt fram á kynjamun þegar horft er til sjálfstjórnunar í námi. Niðurstöður Zimmerman og Martinez-Pons (1988) bentu til að stúlkur beittu meiri sjálfstjórnun í námi en drengir. Ástæðan er talin vera sú að stúlkur virðast eiga auðveldara með að setja sér markmið og skipuleggja nám sitt en drengir.

Af framangreindum niðurstöðum má segja að oft sé munur á upplifun nemenda á ýmsum þáttum skólasamfélagsins eftir kyni (Benard, 2004; Zimmerman og Martinez-Pons, 1988). Í þessu ljósi verður hugað að mögulegum kynjamun á upplifun íslenskra ungmenna á hvatningu í skólanum og sjálfstjórnun þeirra í námi. Litið verður til þess hvort hvatning í skólanum hafi jafn sterk tengsl við trú stúlkna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi og við trú drengja á því.

Markmið rannsóknarinnar

Rannsóknin sem hér um ræðir er þversniðsrannsókn. Hún byggir á gögnum úr fyrstu gagnasöfnun í rannsókn Steinunnar Gestsdóttur og Kristjáns Ketils Stefánssonar (2012) á þróun námsáhuga og sjálfstjórnunar meðal ungmenna á Íslandi og meistaraverkefni Elsu Lyng Magnúsdóttur.

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hve mikla skólatengda hvatningu íslenskir nemendur í 9. bekk teldu sig fá. Hún var bæði skoðuð með tilliti til skólans í heild og kennaranna. Þá voru skoðuð tengsl skólatengdrar hvatningar við trú ungmenna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi. Skólatengd hvatning var skoðuð út frá því hversu mikla hvatningu ungmenni töldu sig fá í skólanum í heild og þeirri hvatningu sem þeir fengu sérstaklega frá kennurum. Niðurstöður voru greindar eftir kyni.

Lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar:

- Hversu mikla skólatengda hvatningu telja ungmenni sig fá?
- Eru tengsl á milli upplifunar ungmenna á hvatningu í skólanum og hvatningu frá kennurum sérstaklega?
- Telja stúlkur og drengir sig fá mismikla skólatengda hvatningu?
- Hver eru tengsl skólatengdrar hvatningar við trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi ungmenna?
- Er munur á slíkum tengslum eftir kyni?

Íslenskar rannsóknir á þeim hugtökum sem hér liggja til grundvallar eru ekki til. Því er erfitt að spá fyrir um niðurstöður. Erlendar rannsóknir sem hér hefur verið lýst benda til að nemendur sem upplifa hvatningu finni hana frekar frá kennaranum en skólanum sjálfum. Líklegt er að mat nemenda á skólaumhverfinu endurspegli að hluta til hvaða augum þeir líta kennara sína. Reiknað er með að fylgni á milli hvatningar sem nemendur upplifa í skólanum og hvatningar frá kennurum sérstaklega verði jákvæð og sterk en ekki fullkomin og að þessi hugtök geti haft missterk tengsl við útkomubreytur. Í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna er einnig búist við að nemendur sem upplifa hvatningu í skóla og frá

kennurum hafi meiri trú á eigin getu. Hvað varðar kynjamun er búist við að stúlkur hafi meiri trú á eigin getu til sjálfstjórnunar en drengir og að tengsl skólatengdar hvatningar kunni að hafa sterkari tengsl við trú á eigin getu meðal stúlkna en drengja.

Aðferð

Þátttakendur

Fimmtán grunnskólar á höfuðborgasvæðinu og Suðurnesjum voru valdir af handahófi í úrtak rannsóknarinnar (þegar fleiri en tveir bekkir voru í sama skóla, voru tveir bekkir valdir af handahófi). Þeir skólar sem leitað var til samþykktu allir þátttöku. Samtals lentu 625 ungmenni í úrtakinu. Upplýst samþykki foreldra fékkst frá um 90% þeirra þátttakenda sem lentu í úrtakinu, eða frá foreldrum 561 ungmennis. Þeir nemendur sem voru veikir þegar gagnasöfnun átti sér stað svöruðu spurningalistanum þegar umsjónarkennarar töldu henta. Þeir spurningalistar voru svo sendir í pósti til rannsakenda. Vegna brottflutnings, veikinda og af öðrum ástæðum svöruðu 22 ungmenni, sem höfðu leyfi foreldra, ekki spurningalistanum. Endanlegur fjöldi þeirra sem tók þátt var því 539 nemendur eða 96% þeirra sem höfðu samþykki foreldra. Um 54% þátttakenda voru drengir (N=290) og meðalaldur þátttakenda var 14,3 ár.

Mælitæki

Skólatengd hvatning. Tvær fullyrðingar úr átta fullyrðinga kvarða sem metur tengsl (e. *connection*) ungmenna við fjölskyldu, nágranna, skóla og vini, voru notaðar til að leggja mat á skólatengda hvatningu (Geldhof o.fl., 2011). Fyrri fullyrðingin mat hvatningu í skólanum og var sett fram með þessum hætti: *Ég fæ mikla hvatningu í skólanum mínum*. Seinni fullyrðingin sem mat hvatningu frá kennurum var sett fram á eftirfarandi hátt: *Kennararnir í skólanum hvetja mig til að vera eins góður og ég get orðið*. Fullyrðingarnar voru settar fram með fimm punkta svarkvarða með svarkostunum: *mjög ósammála, ósammála, hvorki sammála né ósammála, sammála, mjög sammála*. Svör þátttakendanna við þessum tveimur fullyrðingum voru notuð til að meta þá skólatengdu hvatningu sem ungmenni í 9. bekk töldu sig fá.

Trú ungmennanna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi (e. *self-efficacy for self-regulated learning*) var metin með kvarða sem byggður er á kenningum Bandura. Íslensk útgáfa kvarðans var þýdd af tveimur óháðum þýðendum og sett saman af þriðja óháða þýðandanum (e. *reconciler*). Þátttakendur svöruðu sjö fullyrðingum, svo sem hversu vel þeir töldu sig geta haldið sig við námið þegar eitthvað annað er í boði, einbeitt sér í kennslustundum og skipulagt skólavinnu og fest upplýsingar í minni sem þeir fá í kennslustundum og úr námsbókum (Usher og Pajares, 2006; Zimmerman og Martinez-Pons, 1988). Svarmöguleikarnir voru; *get ekki, get eiginlega ekki, get nokkurn veginn, get eiginlega alveg, get alveg*. Kvarðinn var kóðaður á bilinu einn til fimm, þar sem hærrí einkunn gaf til kynna meiri trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi. Breytan var búin til með því að reikna meðaltal hvers þátttakenda úr spurningunum sjö. Áreiðanleiki og réttmæti kvarðans hefur verið staðfestur í fyrri rannsóknum (Usher og Pajares, 2006; Zimmerman og Martinez-Pons, 1988) og var innri áreiðanleiki kvarðans í þessari rannsókn góður (Cronbach's alfa=0,89).

Framkvæmd

Haustið 2012 var öllum skólum sem lentu í úrtakinu sendur tölvupóstur um markmið rannsóknarinnar og þeir beðnir um að samþykkja þátttöku. Í kjölfarið var rannsóknin tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5799. Öllum nemendum í úrtakinu var afhent bréf þar sem foreldrar þeirra voru beðnir að samþykkja þátttöku þeirra í rannsókninni. Foreldrum var jafnframt sendur tölvupóstur til að tryggja að allir foreldrar fengju upplýsingar um rannsóknina. Umsjónarkennarar þeirra bekkja sem úrtakið náði til, innheimtu foreldrabréfin en hringt var í þá foreldra sem ekki höfðu skilað inn samþykkisbréfi.

Áður en gagnasöfnun hófst fóru fram tvær undirbúningsmælingar, eitt rýnihópsviðtal og forpróf. Undirbúningsmælingarnar leiddu í ljós að nokkrar breytingar þurfti að gera á orðalagi svarmöguleika og fullyrðinga í spurningalistanum. Niðurstöður forprófsins sýndu að áreiðanleiki mælitækjanna batnaði við þessar breytingar og var í öllum tilfellum viðunandi að forprófinu loknu. Spurningalistinn var lagður fyrir í kennslustund nemenda. Fyrimæli með honum voru stöðluð og áttu nemendur að raða sér í sæti eins og um próf væri að ræða.

Greining gagnanna fór fram í tölfræðiforritinu SPSS. Greind var tíðni svara meðal ungmennanna við spurningum sem snúa að markmiðum rannsóknarinnar og skoðaður munur á stúlkum og drengjum þar sem það átti við. Til að skoða tengsl var skoðuð Spearmanfyllgni (e. *correlation*) milli breyta. Til að skoða hvort um marktækan mun væri að ræða og álykta um þýðið byggt á úrtakinu var notast við t-próf háðra og óháðra úrtaka og dreifigreiningu (e. *analysis of variance; ANOVA*). Allar breytur sem notaðar voru uppfylltu skilyrði normaldreifingar. Í marktektarprófum var ávallt miðað við 95% öryggismörk ($p < 0,05$).

Niðurstöður

Hér verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Fyrst er lagt mat á hve mikla skólatengda hvatningu ungmennin telja sig fá og kannað hvort þar var um kynjamun að ræða. Síðan eru kynntar niðurstöður sem snúa að skólatengdri hvatningu og tengslum hennar við sjálfstjórnun í námi. Þessi tengsl voru einnig skoðuð með kynjamun í huga.

Í *Töflu 1* er lýsandi tölfræði fyrir þær breytur sem voru til skoðunar. Allar uppfylltu skilyrði normaldreifingar þó svo að þær breytur sem höfðu með hvatningu að gera væru nokkuð neikvætt skekktar. Dreifingin á breytunum þremur var svipuð og meðaltalið reyndist í öllum tilfellum um hálfu staðalfrávikum fyrir ofan miðjusvarkost þeirra fimm svarmöguleika sem í boði voru.

Tafla 1 – Lýsandi tölfræði fyrir mælingar á hvatningu og trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi						
	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Spönn	Ris	Skekktja
Ég fæ mikla hvatningu í skólanum mínum.	3,7	1,0	536	(1–5)	0,2	-0,7
Kennararnir í skólanum hvetja mig til að vera eins góður og ég get orðið.	3,8	1,0	535	(1–5)	0,1	-0,7
Trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi	3,5	0,9	525	(1–5)	-0,5	-0,4

Hvatning í skólanum: Til að meta hversu mikla hvatningu nemendur fengu í skólanum (sjá *Töflu 2*) voru þeir beðnir um að taka afstöðu til spurningarinnar *Ég fæ mikla hvatningu í skólanum mínum*. Um tveir þriðju hlutar nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni, eða um 63%, um 26% svöruðu að þeir væru hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni. Um 11% nemenda voru ósammála eða mjög ósammála því að þau fengu mikla hvatningu í skólanum.

Hvatning frá kennurum: Í seinni spurningunni sem sneri að hvatningu voru nemendur beðnir að taka afstöðu til fullyrðingarinnar *Kennararnir í skólanum hvetja mig til að vera eins góður og ég get orðið*. Aftur voru tveir þriðju hlutar nemenda, eða um 67%, mjög sammála eða sammála fullyrðingunni. Um 22% voru hlutlausir (hvorki sammála né ósammála) og hlutfall nemenda sem voru ósammála eða mjög ósammála var um 11%. *Tafla 2* sýnir svör nemenda við spurningum um hvatningu í skólanum og hvatningu frá kennurum.

Tafla 2 – Hvatning í skólanum og hvatning frá kennurum að mati nemenda				
	Ég fæ mikla hvatningu í skólanum mínum.		Kennararnir í skólanum hvetja mig til að vera eins góður og ég get orðið.	
	Fjöldi (N)	Hlutfall %	Fjöldi (N)	Hlutfall %
Mjög sammála (5)	109	20,3	145	27,1
Sammála (4)	226	42,2	214	40,0
Hvorki ósammála né sammála (3)	141	26,3	117	21,9
Ósammála (2)	41	7,6	43	8,0
Mjög ósammála (1)	19	3,5	16	3,0

Munur á hvatningu kennara og hvatningu í skólanum í heild: Kannað hvar hvort nemendur upplifðu að meðaltali meiri hvatningu í skólanum í heild eða hvatningu frá kennurum sérstaklega. Þetta var gert með því að bera saman meðaltöl svara við þessum tveimur spurningum (sjá *Töflu 1*). Notað var háð t-próf sem sýndi að nemendur upplifðu meiri hvatningu frá kennurum en skólanum ($t(534) = -3,19$ $p=0,002$). Þó sýnir samanburður á meðaltölum að munurinn er mjög lítil og því ekki ljóst að þessi munur hafi raunverulega þýðingu. Sterk jákvæð fylgni mældist á milli svara við fullyrðingunum tveimur um skólatengda hvatningu $r(534)=0,61$; $p<0,001$. Tengslin eru sterk en þó ekki svo sterk að hægt sé að halda því fram að um sama hugtak sé að ræða og því benda niðurstöður til að hvatning í skólanum í heild og hvatning frá kennurum séu aðskilin hugtök sem vert er að skoða sem tvo aðskilda mælikvarða á skólatengdri hvatningu.

Kynjamunur á skólatengdri hvatningu: Þegar borin voru saman meðaltöl kynjanna (sjá *Töflu 1*), reyndist ekki vera munur á svörum drengja og stúlkna við spurningum á skólatengdri hvatningu, hvorki þegar kom að hvatningu í skólanum í heild ($t(525)=-0,28$ $p=0,78$) né hvatningu frá kennurum ($t(526)=-1,55$ $p=0,12$), það er að segja stúlkur og drengir upplifðu að meðaltali jafn mikla hvatningu í skólanum og kennurum

Trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi: Trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi var metin með sjö fullyrðingum og tóku svör gildi á bilinu 1 til 5 þar sem hærrí einkunn merkti meiri trú á eigin getu. Þegar svör þátttakenda höfðu verið lögð saman og deilt í með fjölda fullyrðinga var meðaltal kvarðans 3,5 (sjá *Töflu 1*). *Tafla 3* sýnir dreifingu svara eftir að þeim hefur verið skipt niður í fimm hópa til að auðvelda túlkun á þeim. Um 37% nemenda töldu sig vera með mjög mikla eða mikla (4–5) trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi. Fjórðungur nemenda, 26%, sögðust hafa mjög litla eða frekar litla (1–2,9) trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi. Alls töldu 37% nemenda sig hafa miðlungs (3–3,9) sjálfstjórnun í námi.


Tafla 3 – Trú ungmenna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi		
	Fjöldi (N)	Hlutfall %
Mjög mikil (5)	34	6%
Mikil (4–4,9)	161	31%
Miðlungs (3–3,9)	192	37%
Frekar lítil (2–2,9)	106	20%
Mjög lítil (1–1,9)	33	6%

Kynjamunur á trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi: Þegar litið var til kynjamunar á trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi kom í ljós að meðaltal drengja ($m=3,38$, $sf=0,94$) var hærra en meðaltal stúlkna ($m=3,65$, $sf=0,94$; $t(516)=-3,22$; $p<0,001$).

Fylgni á milli trúar á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi og skólatengdar hvatningar: *Tafla 4* sýnir niðurstöður á fylgni milli skólatengdar hvatningar og trúar á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi, fyrir hópinn í heild og eftir kyni.

Tafla 4 – Fylgni skólatengdrar hvatningar og trúar á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi			
	Fjöldi (N)	r_s	P
Svör allra þátttakenda			
Hvatning í skólanum	525	0,37	$p<0,01$
Hvatning frá kennurum	525	0,39	$p<0,01$
Svör greind eftir kyni			
Hvatning í skólanum (stúlkur)	246	0,44	$p<0,01$
Hvatning í skólanum (drengir)	279	0,31	$p<0,01$
Hvatning frá kennurum (stúlkur)	246	0,48	$p<0,01$
Hvatning frá kennurum (drengir)	279	0,30	$p<0,01$

Tafla 4 sýnir að meðalsterk jákvæð fylgni var á milli hvatningar sem nemendur fengu í skólanum og hvatningu frá kennurum sérstaklega við sjálfstjórnun í námi, bæði meðal stúlkna og drengja. *Mynd 1* sýnir fylgni á milli fullyrðinga sem annars vegar snúa að hvatningu í skólanum í heild og hins vegar hvatningu frá kennurum við trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi.



Mynd 1 – Fylgni á milli skólatengdrar hvatningar og sjálfstjórnunar í námi

Styrkleiki fylgnistuðla milli hvatningar og trúar á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi fyrir stúlkur og drengi var borinn saman með því að umbreyta fylgnistuðlum (r_s) yfir á staðaleinkunn (z -stig) og framkvæma z -próf. Z -prófið sýndi að fylgnin á milli hvatningar frá skóla og trúar á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi var sterkari hjá stúlkum en drengjum, $z=1,72$, $p=0,04$. Z -prófið sýndi jafnframt að fylgnin á milli hvatningar frá kennurum og trúar á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi var sterkari hjá stúlkum en drengjum, $z=2,43$, $p<0,01$. Sambandið á milli breytanna er því sterkara hjá stúlkum þó ekki sé munur á þeirri hvatningu sem kynin telja sig fá að meðaltali í skólanum.

Umræður

Fjöldi erlendra rannsókna benda til að mikilvægt sé að nemendur upplifi hvatningu í skólasterfi (Danielsen, 2009; Dweck, 2006; Schunk og Miller, 2002) og að kennarar hafi trú á getu þeirra til sjálfstjórnunar í námi (Bandura, 1997; Zimmerman, 2002,2008). Í nýrri *Aðalnámsskrá grunnskóla* er kveðið á um að *námshæfni* nemenda sé undirstöðupáttur í öllu skólasterfi og hafa verið færð rök fyrir því að sjálfstjórnun í námi sé grundvallarþáttur í slíkri hæfni. Eitt meginmarkmið þessarar rannsóknar var að kanna hversu mikla skóla-tengda hvatningu nemendur í 9. bekk á Íslandi telja sig fá í skólanum í heild og frá kennurum sínum og hver tengsl slíkrar hvatningar sé við trú þeirra á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi.

Bæði íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að stúlkur og drengir eru um margt ólík þegar kemur að námshæfni og námsárangri (Danielsen, 2009; Almar M. Halldórsson, 2011b), bæði að stúlkur byggja mat á eigin hæfni meira á viðbrögðum annarra en drengir (Usher og Pajares, 2006) og að drengir standi verr þegar kemur að námsárangri (Almar M. Halldórsson, 2011a, 2011b). Niðurstöðurnar voru því sérstaklega skoðaðar út frá mögulegum kynjamun.

Hvatning í skólanum í heild og hvatning frá kennurum: Eins og fram hefur komið telur stór hluti íslenskra ungmenna í 9. bekk (67%) að kennarnir í skólanum hvetji þau til að vera eins góð og þau geti orðið. Á móti töldu 11% ungmennanna sig ekki fá slíka hvatningu og tvöfalt fleiri (22%) töldu sig hvorki fá litla né mikla hvatningu frá kennurum. Því má segja að þriðjungur nemenda í 9. bekk (33%) telji sig ekki fá ótvíræða hvatningu frá kennurum sínum til að gera sitt besta. Það er áhyggjuefni hversu stórt hlutfall nemenda sagðist ekki upplifa hvatningu eða sýndi hlutleysi í þessum svörum. Rannsóknarniðurstöður Bandura (1997) hafa sýnt að hugarfar og hegðun nemenda hafa mótandi áhrif á námshæfni þeirra. Vera má að þeir nemendur í rannsókninni sem töldu sig ekki fá skóla-tengda hvatningu sýni lítinn áhuga á náminu, hafi litla trú á eigin getu og eigi erfitt með að vinna að námsmarkmiðum. Því getur verið að sá skortur á skólatengdri hvatningu sem þeir skynja stafi af samspili þeirra eigin hugsunar og hegðunar og þeirra viðbragða sem það vekur hjá skólaumhverfinu. Bandura (1997) bendir á að hugarfar og trú nemanda á eigin getu í tilteknum aðstæðum hafi áhrif á hvernig tekist er á við ný viðfangsefni, sem er mikilvægur hluti námshæfni. Slík neikvæð sýn nemenda á skólaumhverfi og eigin námshæfni og lítil trú á sjálfum sér getur leitt af sér frekari neikvæð viðbrögð umhverfisins og slaka námsframmistöðu.

Kynjamunur: Ekki reyndist vera munur á upplifun nemenda af skólatengdri hvatningu eftir kyni. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður norskrar rannsóknar Danielsen (2009) sem sýndi að ekki er munur á milli kynja og þeim stuðningi sem þau töldu að skólinn veitti þeim. Á undanförunum árum hefur nokkuð verið rætt um bága stöðu unglings-drengja hvað varðar lesskilning og fleiri þætti í íslenska skólakerfinu (Almar M. Halldórsson, 2011a) og að þeir virðast búa yfir minni námshæfni en stúlkur (Almar M. Halldórsson, 2011b). Það vekur athygli að niðurstöður þessarar rannsóknar, sem eru í samræmi við norskar niðurstöður, benda til að ekki sé hægt að rekja þá stöðu til mismikillar hvatningar skólaumhverfisins eftir kynjum.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að um kynjamun var að ræða þegar kemur að trú nemenda á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi. Stúlkur höfðu meiri trú á eigin getu til hennar í námi en drengir. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna Zimmerman og Martinez-Pons (1988) sem fundu að bandarískar stúlkur virðast eiga auðveldara með að setja sér markmið og skipuleggja nám sitt en drengir. Þennan mun má hugsanlega tengja niðurstöðum annarra rannsókna sem sýna fram á betra gengi stúlkna en drengja á samræmdum prófum á Íslandi.

Loks sýndu niðurstöðurnar að hvatning í skólanum í heild hefur tengsl við trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi hjá drengjum og stúlkum. Hvatning frá kennurum reyndist einnig hafa tengsl við þá trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi sem drengir og stúlkur töldu sig hafa. Um er að ræða sterkari tengsl hjá stúlkum en drengjum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri niðurstöður Usher og Pajares (2006) um að stúlkur virðist frekar byggja mat sitt á viðbrögðum sem kennararnir sýna þeim en drengir horfi frekar til frammistöðu, til dæmis einkunna.

Í kjölfar þessarar umræðu um kynjamun er rétt að benda á að ekki má oftúlka niðurstöður um mun á stúlkum og drengjum. Þótt drengir hafi að meðaltali minni trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi og stúlkur kunni að byggja mat á námsgetu meira á viðbrögðum kennara en drengir, þarf að hafa í huga að slík tengsl við kyn eru engan veginn algild. Margir drengir hafa mikla trú á eigin getu og stúlkur byggja mat á námsgetu ekki bara á viðbrögðum annarra. Megin niðurstaða okkar um mikilvægi skólatengdrar hvatningar fyrir námsfærni á við alla nemendur, bæði stúlkur og drengi.

Styrk- og veikleikar: Fram hefur komið að þessi rannsókn byggir á gögnum úr fyrstu gagnasöfnun langtímarannsóknar meðal ungmenna á Íslandi á þróun námsáhuga og sjálfstjórnunar, sem lítið hefur verið rannsökuð hér á landi. Fjöldi erlendra rannókna hafa skoðað þau tengsl sem hér hefur verið fjallað um og hingað til hafa erlendar rannsóknar-niðurstöður ekki verið staðfestar innan íslenska skólakerfisins. Styrkleiki rannsóknarinnar er fólgin í þessari staðfestingu sem bendir til mikilvægis skólatengdar hvatningar fyrir trú íslenskra nemenda á eigin sjálfstjórnun í námi. Þessi niðurstaða er sérstaklega mikilvæg í ljósi áherslunnar sem lögð er á almenna námshæfni í íslenskri aðalnámsskrá. Veikleikar rannsóknarinnar eru þeir helstir að um þversniðsrannsókn er að ræða og því óljóst hvort þessi tengsl halda yfir tíma (hvort forspárbreytur spá fyrir um útkomubreytur síðar). Slík tengsl verður hægt að skoða eftir því sem líður á rannsóknina. Vert er að benda á að mælingin á á skólatengdri hvatningu var einungis byggð á tveimur aðskildum spurningum en ekki kvörðum. Æskilegt hefði verið að nota á hvatningu í skólastarfi mælitæki sem samanstæði af fleiri fullyrðingum svo fá mætti gleggri mynd af því hvað felst í þeim hug-tökum sem þessar fullyrðingar eiga að mæla.

Lokaorð

Ef lítið er til þeirra athugana sem hér hafa verið til umfjöllunar má álykta sem svo að meirihluti ungmenna í 9. bekk upplifi hvatningu í skólanum í heild sinni og frá kennurum sínum sérstaklega, en þó er töluverður hluti nemenda sem gerir það ekki. Miðað við mikla umfjöllun í fjölmiðlum um slaka stöðu drengja í íslensku skólakerfi kom nokkuð á óvart að stúlkur og drengir upplifðu jafn mikla skólatengda hvatningu.

Bent hefur verið á að sjálfstjórnun í námi feli í sér hæfni nemandans til að leita árangurs-ríkra leiða að settum námsmarkmiðum (Zimmerman, 2002, 2008). Ungmenni eru talin hafa þroska til að öðlast slíka færni. Þó er mikilvægt að hafa það hugfast að kennari þarf að styðja við sjálfsþekkingu nemandans til að hann geti sett sér raunhæf námsmarkmið. Slík sjálfsþekking fæst meðal annars með því að nemendur skoði styrkleika og veikleika sína í þeim aðstæðum sem mæta þeim hverju sinni. Með hvatningu í skólanum í heild og frá kennurum er líklegt að nemendur skoði sjálfa sig og stöðu sína í námi með framfarir í huga og styrkist þannig í trú á eigin getu til að beita sjálfstjórnun.

Í ljósi þeirra tengsla sem sýnt hefur verið fram á milli skólatengdrar hvatningar, sérstak-lega frá kennurum, og trúar á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi, er mikilvægt að horfa til þeirra ungmenna sem telja sig hafa litla sjálfstjórnun í námi og hvernig megi bæta þar úr. Þrátt fyrir að tengslin séu enn sterkari fyrir stúlkur en drengi benda niðurstöðurnar til að skólatengd hvatning geti stuðlað að trú allra nemenda á eigin námshæfni. Því hvetjum við

kennara, skólastjórnendur og aðra þá sem koma að námi barna og ungmenna til að huga að því með skipulögðum hætti hvernig auka má upplifun nemenda af hvatningu í skóla-
starfinu.

Heimildir

Almar Miðvík Halldórsson. (2011a). *Kynjamunur í námsárangri í grunnskólum í Reykjavík samkvæmt PISA 2009 og samræmdum prófum*. Unnið fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar. Sótt af: http://strakar.files.wordpress.com/2011/09/skyrsla_namsmat_engin_nofn_28bls.pdf

Almar Miðvík Halldórsson. (2011b). *Staða drengja og stúlkna á matsþáttum Skólapúlsins og tengsl við námsárangur skólaárið 2009-10, í grunnskólum í Reykjavík*. Sótt af <http://strakar.files.wordpress.com/2011/09/skc3b3lapc3balsinn-stac3b0a-drengja-og-stc3balkna-og-tengsl-vic3b0-nc3a1msc3a1rangur-2.pdf>

Ary, D., Jacobs, L. C., Razavieh, A. og Sorensen, C. (2006). *Introduction to research in education* (7. útgáfa). New York: Wadsworth.

Bandura, A. (1997). *Self-efficacy*. New York: W.H. Freeman.

Baumeister, R. F. og Vohs, K. D. (ritstjórar). (2004). *Handbook of self-regulation: Research, theory, and applications*. New York: Guilford.

Benard, B. (2004). *Resiliency: What we have learned*. San Francisco: West End.

Danielsen, A. G. (2009). School-related social support and student's perceived life satisfaction. *The Journal of Educational Research*, 102(4), 303–318.

Dweck, C. (2006). *Mindset: The New Psychology of Success*. New York: Random House.

Geldhof, G. J., Bowers, E. P., Boyd, M. J., Mueller, M. K., Napolitano, C. M., Schmid, K. L. o.fl. (2011). The Creation and Validation of Short and Very Short Measures of PYD. Tufts University: Institute for Applied Research in Youth Development.

Harter, S. (1990). Self and identity development. Í S. S. Feldman og G. R. Elliot (ritstjórar), *At the threshold: The developing adolescent* (bls. 352–387). Cambridge: Harvard University Press.

Harter, S., Waters, P., og Whitesell, N. R. (1998). Relational self-worth: Differences in perceived worth as a person across interpersonal contexts among adolescents. *Child Development*, 69(3), 756–766.

Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). „Gullkista við enda regnbogans“: Rannsókn á hegðunarfunda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005-2006. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Lerner, R. M., Lerner, J. V., og Benson, J. B. (2011). Positive youth development: Research and applications for promoting thriving in adolescence. *Advances in Child Development and Behavior*, 41, 1–17.

Lerner, R. M., Lerner, J. V., Almerigi, J. B., Theokas, C., Gestsdóttir, S., Naudeau, S., Jelicic, H., Alberts, A., Ma, L., Smith, L., Simpson, I., Phelps, E. o.fl. (2005). Positive youth development, participation in community youth development programs, and community contributions of fifth grade adolescents: Findings from the first wave of the 4-H study of positive youth development. *Journal of Early Adolescence*, 25(1), 17–71.

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Morris, I. (2012). *Nám í skóla um hamingju og velferð: Að sitja fíl* (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Kópavogur: Námsgagnastofnun.
- Ryan, R. M. og Deci, E. L. (2000). Self-determination theory and the facilitation of intrinsic motivation, social development, and well-being. *American Psychologist*, 55(1), 68–78. Sótt af <http://psycnet.apa.org/journals/amp/55/1/68/>
- Schunk, D. H. og Miller, S. D. (2002). Self-efficacy and adolescents' motivation. Í F. Pajares og T. Urdan (ritstjórar), *Academic Motivation of Adolescents* (bls. 29–52). Greenwich: Information Age..
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.
- Steinunn Gestsdóttir og Kristján Ketill Stefánsson. (2012). *Þróun námsáhuga og sjálfstjórnunar meðal ungmenna á Íslandi*. Sótt af <https://vefir.hi.is/sjalfstjornun>
- Steinunn Gestsdóttir og Lerner, R. M. (2007a). Intentional self-regulation and positive youth development in early adolescence: Findings from the 4-H Study of positive Youth Development. *Developmental Psychology*, 43(2), 508–521.
- Steinunn Gestsdóttir og Lerner, R. M. (2007b). Hlutverk sjálfstjórnunar í æskilegum þroska barna og ungmenna. *Sálfræðiritið*, 12, 35–53.
- Usher, E. L. og Pajares, F. (2006). Sources of academic and self-regulatory efficacy beliefs of entering middle school students. *Contemporary Educational Psychology*, 31, 125–141.
- Werner, E. E. og Smith, R. S. (2001). *Journeys from childhood to midlife: Risk, resilience, and recovery*. New York: Cornell University Press.
- Zimmerman, B. J. (2002). Becoming a self-regulated learner: An overview. *Theory into Practice*, 41(2), 64–70.
- Zimmerman, B. J. (2008). Investigating self-regulation and motivation: Historical background, methodological developments, and future prospects. *American Educational Research Journal*, 45(1), 166–183. Sótt af <http://aer.sagepub.com/cgi/doi/10.3102/0002831207312909>
- Zimmerman, B. J. og Martinez-Pons, M. (1988). Construct validation of a strategy model of student self-regulated learning. *Journal of Educational Psychology*, 80(3), 284–290.

Um höfunda

Elsa Lyng Magnúsdóttir (elsa.lyng.magnusdottir@reykjavik.is) er grunnskólakennari við Réttarholtsskóla í Reykjavík. Hún lauk bakkalárprófi í kennaramenntun frá Kennaraháskóla Íslands 1998 og meistaraþrófi í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífsýn ungmenna frá Uppeldis- og menntunarfræðideild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2013. Rannsóknaráhugi hennar beinist að skóla- tengdri hvatningu og sjálfstjórnun í námi og er þessi grein unnin á grundvelli meistarverkefnis Elsu.

Steinunn Gestsdóttir (steinuge@hi.is) er dósent við Sálfræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 1996, meistaraþrófi í þroskasálfræði frá Boston University 2001, og doktorsprófi í þroskavísindum frá Tufts Háskóla 2005. Rannsóknir Steinunnar snúa að þróun sjálfstjórnunar (e. *self-regulation*) í barnæsku og unglingsárum og hvernig sú geta tengist aðlögun barna að skólaumhverfinu, farsælum þroska og áhættuhegðun á unglingsárum.

Kristján Ketill Stefánsson (kristjan@hi.is) er doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk bakkalárprófi í kennaramenntun frá Kennaraháskóla Íslands og meistaraþrófi í kennslufræði raungreina frá Háskólanum í Ósló árið 2006. Hann hefur kennt raungreinar á unglingsárum við Laugalækjarskóla og aðferðafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir Kristjáns snúa að mati á skólastarfi, raungreinakennslu, virkni í skólastarfi (e. *school engagement*) og sjálfstjórnun í námi (e. *self-regulated learning*) á unglingsárum.

Efnisorð

skólatengd hvatning – sjálfstjórnun í námi – námshæfni – ungmenni – trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi

About the authors

Elsa Lyng Magnúsdóttir (elsa.lyng.magnusdottir@reykjavik.is) is an elementary school teacher at Réttarholtsskóli in Reykjavík. She graduated from the Iceland University of Education with a bachelor's degree in Education in 1998 and a master degree in Education with an emphasis on Risk, Resiliency and Prevention from the University of Iceland, School of Education in 2013. Her research interest is focused on school-related motivation and self-efficacy for self-regulated learning.

Steinunn Gestsdóttir (steinuge@hi.is) is an associate Professor of Developmental Psychology at the Department of Psychology, University of Iceland. She completed a BA degree in psychology from the University of Iceland in 1996, a master's degree from Boston University in 2001, and a Ph.D. degree from Tufts University in 2005. Her research has focused on the development and role of intentional self-regulation in childhood and adolescence, and its relation to children's school adaptation and healthy and problematic developmental outcomes in adolescence.

Kristján Ketill Stefánsson (kristjan@hi.is) is a doctoral student at the School of Education, University of Iceland. He graduated from the Iceland University of Education with a bachelor's degree in Education in 2003 and from the University of Oslo with a master degree in science education in 2006. He has taught science and mathematics at lower secondary level and quantitative methodology at the School of Education, University of Iceland. His research is in the field of school development, science education, school engagement and self-regulation during adolescence.

Key words

school-related motivation – self-regulated learning – learning skills – adolescence – self-efficacy for self-regulated learning

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun:
Sérrið 2013 – Fagið og fræðin



Elsa Lyng Magnúsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Kristján Ketill Stefánsson. (2013).
Tengsl skólatengdrar hvatningar við trú ungmenna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérrið 2013 – Fagið og fræðin.
Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/002.pdf